

Blöðruprýstingsmæling hjá barni

Blöðruprýstingsmæling er lífeðlisfræðileg rannsókn sem metur starfsemi þvagblöðrunnar. Rannsóknin tekur 90 mínútur og fer fram á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

Skilyrði fyrir rannsókn

- Að barnið sé hvorki með þvagfærasýkingu né niðurgang þegar rannsókn er framkvæmd. Fara þarf með þvagsýni frá barni á heilsugæslustöð 10-12 dögum fyrir blöðruprýstingsmælingu. Sýnatökuglas fæst í apótekum.
- Að barn hafi losað hægðir kvöldið fyrir rannsókn. Gefið er hægðalyfið Microlax í endaparm ef þörf er á og veitir hjúkrunarfræðingur á barnadeild frekari upplýsingar við innköllun.

Fylla þarf út og koma með meðfylgjandi vökva- og þvaglátaskrá

- Þvag er mælt í mælikönnu.
- Ef þvagblaðran er tæmd með þvaglegg, er skráður tími og magn þvags í hvert sinn sem það er gert.
- Ef barn notar bleyju er hún vigtuð fyrir og eftir skiptingu.

Framkvæmd rannsókna

Þvegið er í kringum þvagrásarop og þvagrásin staðdeyfð með kremi. Grannur rannsóknarleggur er þræddur upp þvagrásina inn í þvagblöðru. Í gegnum legginn er vatni dælt rólega inn í þvagblöðruna og þrýstingur þar mældur. Einnig er settur grannur leggur í endaparm sem mælir þrýsting fyrir utan þvagblöðruna og tveir plástrar við endaparmsop sem mæla vöðvasamdrátt.

Eftir rannsókn

Sumir finna fyrir óþægindum við þvaglát fyrst á eftir og því er gott að drekka vel. Einkennin ættu þó ekki að vara lengur en 24 klukkustundir.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 08-16, sími 543 7100.

Velkomið er að hafa samband á deildina ef spurningar vakna.